



Reykjavík, 29. nóvember 2022

2211125
0.44
HP

Efni: Ummæli varaþingmanns á þingfundu og hagsmunaskrá.

Vísað er til erindis þíns til forseta Alþingis, dags. 16. nóvember sl., út af tilgreindum ummælum Daniels E. Arnarssonar, varaþingmanns Vinstrihreyfingarárinnar – græns framboös í Reykjavíkurkjördæmi suður á 31. þingfund, 15. nóvember sl. Ummælin, sem tekin eru upp í erindinu, féllu undir dagskrárlíðinn störf þingsins. Einnig lýtur erindið að „vanhæfi þingmannsins þar sem hann er eini launaði starfsmaður Samtakanna '78 í fullu starfi og hefur ekki tekið það fram í hagsmunaskrá.“ Erindi þitt var tekið fyrir á fundi forsætisnefndar 21. nóvember sl., sbr. 1. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Af 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. siðaregnanna leiðir að þær taka til varaþingmanna þegar þeir taka sæti á Alþingi.

1.

Í 48. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að þingmenn séu frjálsir skoðana sinna með því að þeir séu í störfum sínum eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Í því felst að ekki er gengið út frá því að þingmenn séu hlutlausir í störfum sínum. Það er á valdi þeirra sjálfra að ákveða hvaða hagsmunir skulu teljast almannahagsmunir sem vinna beri að, til að mynda hvaða hagsmuni á að leggja áherslu á og veita framgang í löggjöf, eftir atvikum á kostnað annarra hagsmuna. Eru þingmenn ekki bundnir þar af öðru en sannfæringu sinni og ákvæðum stjórnarskrár. Sömu kröfur um vanhæfi verða því ekki gerðar til þeirra og gerðar eru til annarra handhafa ríkisvalds.¹

Í 87. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (þingskapalög), er fjallað um skyldu þingmanna til þess að skrá hagsmuni sína samkvæmt reglum forsætisnefndar um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings. Af 2. mgr. 87. gr. þingskapalaga og b-lið 3. mgr. 2. gr. reglnanna leiðir að skylda til að skrá upplýsingar tekur til „varaþingmanna sem hafa setið fjórar vikur samfellt á þingi.“ Samkvæmt tilkynningum á vef Alþingis 11. og 18. nóvember sl. tók Daniel sæti fyrir Svandísí Svarsdóttur 14.- 20. nóvember sl. eða í eina viku. Samkvæmt því tóku reglur um hagsmunaskráningu alþingismanna ekki til Daniels umrætt sinn. Brestur því skilyrði 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn til þess að forsætisnefnd geti tekið þennan lið erindis þíns til frekari athugunar.

¹ Sjá Pál Hreinsson: *Álitsgerð um sérstakt hæfi þingmann*, frá 27. mars 2004 og sama höfund *Hæfisreglur stjórnsýslulaga* 2005, bls. 492-493 og Björgu Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur* 2021, bls. 307-309.

2.

Þegar horft er til gildissviðs siðareglnanna verður að hafa í huga að skv. 3. gr. þeirra koma þær til fyllingar þeim skyldum sem alþingismenn hafa samkvæmt stjórnarskrá, þingskópum og úrskurðum forseta Alþingis um góða reglu, sbr. 1. mgr. 8. gr. þingskapalaga. Skiptir þetta máli þegar tekin er afstaða til þess hvort unnt sé að fjalla um erindi þitt á grundvelli siðareglnanna, sbr. 16. – 19. gr. þeirra. Hér ber að líta til þess að málið varðar tjáningu þingmanns sem lýtur fundarstjórn forseta Alþingis, sbr. 1. mgr. 8. gr. þingskapalaga. Án þess að leggja mat á ummælin er ljóst af framkvæmd að forsetar hafa í afskiptum sínum af tjáningu þingmanna, sem settar eru vissar skorður skv. 73. og 98. gr. þingskapalaga, játað þeim umtalsvert svigrúm. Er þá horft til þess að Alþingi er einstakur vettvangur fyrir umræður í lýðræðislegu þjóðfélagi, sem hefur grundvallarþýðingu. Endurspeglast slíkt í ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi Alþingis og hefur það lögmæta markmið að tryggja frjálsar umræður í þinginu. Alþingismaður verður til að mynda ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingis leyfi, sbr. 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinna. Slík regla er sett í þágu starfa Alþingis sem heildar, en ekki í þágu einstakra þingmanna. Þó getur skipt máli hvaða aðferðum þingmaður beitir til þess að koma tjáningu sinni á framfæri, t.d. orðfæri eða ótilhlýðileg framkoma. Hvernig brugðist er við slíku er á forræði forseta Alþingis, í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og þingskapa. Í framkvæmd hefur enn fremur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þátttöku í opinni og frjálsri stjórnþálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi.² Í því máli sem erindi þitt lýtur að er um að ræða viðbrögð þingmannsins við umsögn sem borist hafði fastanefnd Alþingis um lagafrumvarp, án frekari tilvísana.

Telji almennur borgari að forseti hafi ekki gætt þess að þingmaður virði góða reglu í máli sem hann varðar verður að hafa í huga að athafnir eða athafnaleysi forseta við stjórn þingfunda sæta ekki endurskoðun. Ágreiningur um slíkt verður því ekki borinn undir forsætisnefnd eða eftir atvikum leitað álits siðanefndar á honum. Í ljósi þess er það niðurstaða forsætisnefndar að skilyrði bresti til þess að nefndin taki erindi þitt til athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Er þá einnig horft til þeirrar ríku verndar sem tjáningarfresi þingmanna nýtur samkvæmt stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

3.

Með tilvísun til 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn, er erindi þínu vísað frá.



Ljósrit:

Daniel E. Arnarsson

daniel.e.arnarsson@gmail.com

² Sbr. Björgu Thorarensen: Stjórnskipunaréttur 2021, bls. 314-321.